

Lög

um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

1. gr.

Í stað orðanna „og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980“ í niðurlagi 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: líftryggingafélög, sbr. 23. gr. laga nr. 60/1994, og lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr málslíður er verður 3. másl. og orðast svo: Ef tilgreint er á kvittun til réttthafa vaxtanna að um sé að ræða upplýsingar sem færa beri á skattframtal og heildarfjárhæð skattskyldra vaxta er undir 10.000 kr. þarf þó ekki að láta yfirlit þetta í té að tekjuári liðnu, nema réttthafi óski sérstaklega eftir því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um afdrátt staðgreiðslu frá og með árinu 1998.

Samþykkt á Alþingi 4. júní 1998.